

Það er dásamlegt að fá að vera með ykkur á þessum merka degi en fyrir þá sem ekki vita heiti ég Erla Lind og útskrifaðist af félagsfræðibraut frá Fjölbrotaskóla Snæfellinga vorið 2010 og fagna því 5 ára útskriftarafmæli.

Það mætti halda að ég og Jón Eggert hefðum hist áður en við sömdum ræður okkar en það er ekki svo. Í þessari stuttu tölu ætla ég einmitt að tala um markmið og tek heils hugar undir mikilvægi þess að geta boðið upp að nám fyrir eldri nemendur en ég hefði aldrei klárað mitt nám nema fyrir tilstilli dreifnámsins.

Ég hóf dreifnám við FSN þegar ég var komin yfir þrítugt og mér er það afskaplega minnstætt hversu erfitt það var fyrir mig að byrja. Mér fannst ég ekki kunna neitt, fannst ég of gömul, of langt síðan ég var í skóla og hafði enga trú á því að ég gæti lært að læra upp á nýtt. Mér fannst ég samt alltaf eiga þetta eftir og ákvað því að láta á þetta reyna.

Þegar á hólminn var komið sá ég þó að þessi ótti minn var ástæðulaus. Ég fékk afskaplega góðan stuðning og hvatningu frá starfsfólki skólans og þjónusta við dreifnámið var framúrskarandi. Námið var svo sannarlega krefjandi en það var líka skemmtilegt, þroskandi og umfram allt lærdómsríkt á svo margvíslegan hátt. Þegar ég stóð því í ykkar sporum fyrir fimm árum hafði ég ekki einungis stúdentspróf í höndunum heldur einnig trú á sjálfri mér og að ég gæti náð markmiðum mínum - og sett mér ný.

Í dag stunda ég nám við Háskóla Íslands og deili þeirri gleði með ykkur að útskrifast árið 2015. Þar sem mér fannst svo gaman í skóla kom ekkert annað til greina en kennaranám - og gengur það vonum fram. Ég fæ, eins og Sólrún sagði, að halda áfram að læra af öðrum. Stúdentsprófið hefur opnað fleiri dyr en ég gerði ráð fyrir í upphafi en í gegnum námið lærði ég að markmiðum verður ekki náð nema ég vinni að þeim. Það held ég reyndar að gildi í lífinu öllu.

Sama hvað þið, kærur útskriftarnemendur, takið ykkur fyrir hendur þá vil ég að þið munið að þið hafið áorkað einhverju. Reynsla ykkar mun nýtast í hverju sem þið takið ykkur fyrir hendur en munið bara að til þess að takmarkinu þarf stundum hugrekki til að takast á við nýja hluti. Sama á hvaða aldri þið eruð. Við erum oft duglegri við

að rífa okkur niður en að byggja okkur upp og því vil ég hvetja ykkur til að hafa einlæga trú á því sem þið hafið fram að færa. Leyfið ykkur að vera besta útgáfan af sjálfum ykkur og standið með ykkur eins og þið mynduð standa með öðrum.

Þegar ég horfi yfir hópinn sé ég sannkallaða sigurvegara sem eiga framtíðina fyrir sér. Njótið því uppskerunnar og nýtið hana til áframhaldandi verka á óskrifuðum blaðsíðum ævisögu ykkar.

Til hamingju með áfangann og takk fyrir mig.